

## Ímyndafræði. Greinasafn skoðað

Ímyndir og ímyndafræði. Greinasafn. (Þýð. Árni Óskarsson. INOR, Reykjavíkur Akadémían 2011. (Imagology. The cultural construction and literary representation of national character, N.Y. 2007): Manfred Beller. Skynjun, ímynd, ímyndafræði: (11-21) „Í þessari handbók notum við hugtakið Ímynd sem huglæga skuggamynd af Öðrum, sem virðist skilyrt af einkennum fjölskyldu, hóps, ættbálks, þjóðar eða kynþáttar. Slík ímynd ræður álitni okkar á Öðrum og stjórnar hegðun okkar í garð þeirra. Menningarleg rof og frávik (sem stafa af tungumálum, hugarfari, hversdagslegum venjum og trúarbrögðum) verða kveikjan að jákvæðum eða neikvæðum dómum og ímyndum.“ 12

„Frá því í árdaga hafa kynni af öðrum menningarsvæðum, tungumálum og síðum stjórnast af valskeyningun á því sem vekur forvitni, örvar ímyndaflíð og kallar fram heillandi myndir í huga fólks. Mat á Öðrum er vitaskuld ekkert annað en endurspeglun á manns eiginsjónarhorni.“ 13

„Ímyndafræði er ekki nýtt vísindalegt sérsvið heldur nýstárleg aðferð við að spyrja þrálátrar spurningar og kann að koma til kast heimspekinga, sálfræðinga, félagsfræðinga og bókmenntafræðinga. Þessi þverfaglega aðkoma kemur þegar fram í því að beitt er viðeigandi rökum og hugökum úr hinum ýmsu fræðigreinum sem geta þannig náð yfir í aðrar greinar og örvað og elft hver aðra.“ 14

„Uppfinning þjóðarinnar og útskýring á því sem í raun geri þjóð að þjóð eru tvær hliðar á sömu sögulegu myntinni. Við rannsókn á ímyndum okkar af hvaða annari þjóð sem er, sem og arf okkar eigin, eru valin úr heildarsafni huglægra ímynda þeir fordómar, þær staðalímyndir og klisjur sem þar hafa veruleg áhrif.“ 18

„Það er markmið ímyndafræðinnar að lýsa uppruna, ferli og hlutverki fordóma gagnvart þjóðum og staðalímynda af þeim, til að fá fordómanna upp á yfirborðið, greina þá og fá fólk til að átta sig á þeim.“ 18

„fremstu félagsvísindamenn eru á einu máli um að „sjálfsmyndir þjóða“ stafi af pólitískri og vitsmunalegri vörpun, hugarástandi fremur en hlutlægu safni skilyrða og staðreynda eð einhverju „gefnu“.“ 18-19

Joep Leerssen. Ímyndafræði – saga og aðferð: „Hin óformlega hvíksögukennða trú á mismunandi þjóðareðli mótaði hinn óvæfengda hugmyndaheim menningarrýni og íhugunar fram á ofanverða 18. öld. Þegar leið á 29. öldina varð hún þáttur í þeim samanburðar- og söguleg rannsóknarviðmiðum sem urðu viðtekin í hugvísindum. Á 20 öld bar í fyrstu talsvert á því að menn tækju saman og gerðu grein fyrir dæmum um slíkar lýsingar á þjóðum á ógagnrýninn samanburðarfræðilegan hátt en síðar tóku menn að afneita þjóðareðlishyggju og nauðhyggju um þjóðerni með sífellt afdráttarlausari hætti. Þetta þróaðist sían yfir í afbyggjandi og gagnrýna greininga á mælskudögum þjóðarlýsingar – upphaf hinnar eiginlegu „ímyndafræði“ eins og hún er stunduð í þessari bók.“ 25

Dyserinck: „...í raun gefið í skyn var að ímyndir sem snerta einkenni og sjálfsmynd séu ekki huglægar lýsingar sem eru búnar til að þjóðum um þjóðir heldur séu þessar lýsingar mótuð orðræðukerfi sem berast um samfélög og grundvallarþættir í vitund manna um þjóðerni.“ 30

„... setti Ernest Gellner fram það ögrandi meginviðhorf að þjóðir væru sprotnar af þjóðernishyggju, en ekki öfugt – að hugmyndafræðingar 19. Aldar hefðu búið til upprunalega

Þjóðarsjálfsmynd með afturvirkum hætti sem eins konar sameiginleg minnisglapaheillkenni.“  
31

„Þar sem ímyndafræðin fjallar fyrst og fremst um bókmenntaleg framsetningu, sýnir hún í fyrsta lagi aftur og aftur fram á að það er í skáldverkum sem staðalímyndir af þjóðerni birtast hvað skýrast, varðveitast hvað best og fá mesta útbreiðslu.“ 33-36

„... að byggja á aðferðafræðilegum viðhorfum sem hafa verið þróuð undanfarna áratugi. Sum þeirra má telja upp með eftirfarandi hætti.

1. “Endanlegur sjónarhóll ímyndarannsókna er kenning um menningarlegar eða þjóðlegar staðalímyndir, ekki kenning um menningarlega eða þjóðlega samsemd. ...

2. Ímyndafræði er ... ekki undirgrein félagsfæði, markmið hennar er að skilja orðræðu fremur en samfélag....

3. Heimildir okkur eru huglægar; ekki má líta framhjá huglægni þeirra, skýra hana burt eða síá hana frá, heldur verður að taka tillit til hennar við greininguna. Þjóðernið er lýst (e. the spectated) birtist sem skuggamynd frá því sjónarhorni sem er ríkjandi innan hins lýsandi texta eða orðræðu (e. the spectant). Af þeirri ástæðu munu ímyndafræðingar hafa sérstakan áhuga á þeim öflum sem eru að verki milli þeirra ímynda sem einenna Aðra (e. hetero-images) og þeirra sem einkenna manns eigin heimagerðu sjálfsmynd (e. self-images eða auto-images). Bæði spectated og spectant eru yfirleitt flokkuð út frá þjóðerni, en í báðum tilfellum varast fræðimaðurinn að sjá í þessu heiti beina endurspeglun á rausönnum hópum í veruleikanum. ...

4. Ímyndafræðin fæst við tiltekin auðkenni og lýsingar – þau sem fjall utan við sannreynanlegar staðhæfingar eða staðreyndayrðingar. Þau eru hér nefnd ímyndaþrungin (e. imagiated). ...

Almennt gildir um ímyndaþrungna orðræðu að hún [a] velur tiltekna þjóð úr safni mannkynsins þar sem hún sé á einhvern hátt öðruvísi eða „dæmigerð“, og [b] tjáir eða gefur í skyn siðferðilega, hopsálfræðilega ástæðu fyrir gefnum félagslegum eða þjóðlegum einkennum. Ímyndaþrungin orðræða einkennist sérstaklega af því að skýra menningarmun út frá geðlagi.

5. Fyrsta verkefni er að koma auga á tengsl tiltekinnar þjóðarlýsingar sem textabragð. Hver er hefð þess bragðs? ...

6. Textabragðið verður líka að setja í samhengi innan textans þar sem það kemur fyrir. Hvers konar texti er það? ...

7. Einnig er nauðsynlegt að setja hlutina í sögulegt samhengi. ...

8. Að undanfögnu hefur einnig veið hvatt til verk- og nytjalegt sjónarhorns. Hver er markhópur textans? Hvernig er málnotkuninni og textabrogðum sem lúta að þjóðerni beint að þessu markhópi? Eru einhverjar vísbendingar um viðtöku textans og áhrif hans?

9...djúperðir, sem skapa togstreitu milli tveggja andstæðra einkenna, kallaðar „ímyndungar“ (fr. imagemes). ... Frekari rannsókna er þörf til að átta sig á hvers eðlis það samspil er þegar

ímyndir geta sveiflast milli andstæðra háttá ... og andstæðs mats, á samskiptasvið tiltekins „ímyndungs.“

10. Á sviði sjálfímynda bætist við enn einn sjónarhóll sem hefur sérstaka þýðingu. Farið er að fjalla um venjur, ekki aðeins við að draga í dikk Annarra, heldur líka við að viðhalda sjálfinu með sögulegri upprifjun og menningarminni. Frekari rannsókn er þörf á því að hve miklu leyti þjóðarsjálfmyndir hafa sérstaka sögulega vídd, ekki í samspili sjálfs og annarra þegar innlendri menningu er stillt upp gegn menningu annarra þjóða, heldur í því ferli þegar sjálfskilningi er viðhaldið á löngum tíma.

11. Rannsókn á þjóðarímyndum er í sjálfu sér samanburðarfræðilegt verkefni – með henni er fengist við þverþjóðleg tengsl fremur en sjálfmyndir þjóða. Á sama hátt munu hefðir við lýsinga á þjóðum koma skýrst í ljós þegar þær eru rannsakaðar á yfirþjóðlega hátt sem fjölþjóðlegt fyrirbæri. ...“

„Innan textafræði 19. og öndverðrar 20. aldar höfðu menn starfað samkvæmt þeirri óvefengdu forsendu að tungumál ásamt þjóðerni væri hin lífræna flokkunarfræðilega eining við bókmenntarannsóknir; nú er það einfeldningslega viðhorf orðið mun flóknara eftir að menn áttuðu sig á því að „þjóðerni“ er að miklu leti huglægt sjónarhorn fremur en hlutlægt ástand. Það sem meira er, mörk tungumála og landamæri ríkja falla sjaldan jafn vel saman og nafngiftirnar okkar („franska“, „enska“, „þýska“) virðast segja til um; bókmenntalegt landakort af Evrópu og heiminum markast af menningarlegum minnihlutahópum og s svokölluðum „annars flokks bókmenntum“ (littératures secondes, ...); sjálfsmýndir og flokkar eru hér afsprengi bókmenntanna fremur en hið gagnstæða.